

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/1624*  
*komudagur 26.4.2005*

Til nefndasviðs Alþingis

Þann 20. apríl sl. barst undirrituðum erindi frá Samgöngunefnd Alþingis, dags. 18. apríl 2005, póstlagt 19. apríl sama ár, þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008. Óskað var eftir svari í síðasta lagi í dag, 26. apríl 2005.

Með tilliti til umfangs málsins, hvort sem litið er til mikilvægis innihaldsins eða magns lesefnis (samtafs 126 síður), má ljóst vera að sá tími (þrír virkir dagar) sem ætlaður var til að vinna að umsögn um málið var langt frá því að vera nægjanlegur, einkum þar sem ekki var unnt í þessu tilviki að fresta öðrum viðfangsefnum sem þegar höfðu verið skráð á þessa daga í áætlunum undirritaðs. Af þessum sökum er útilokað að skila umsögn um málið í dag. Undirrituðum þykir þetta miður, en bendir jafnframt á mikilvægi þess að eðlilegur tími sé ætlaður til að gefa umsagnir um mál af þessu tagi.

Með bestu kveðjum

Stefán Gíslason  
verkefnisstjóri Staðardagskrár 21 á Íslandi  
Samband íslenskra sveitarfélaga